



ATVINNU-, FERÐA OG MENNINGARNEFND HRUNAMANNAHREPPS

8. fundur Atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2022 - 2026 haldinn miðvikudaginn 21. febrúar 2024 kl. 16:00 í Ráðhúsinu, Flúðum.

Mættir eru: Ragnhildur S. Eyþórsdóttir, formaður, Herbert Hauksson, Arna Þöll Sigmundsdóttir og Aldís Hafsteinsdóttir sveitarstjóri. Sveitarstjóri ritaði fundargerð í tölvu.

Formaður setti fund og stjórnaði. Hér var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

1. **Yfirferð og umræður vegna jólamarkaðar 2023.**

Rætt um framkvæmd jólamarkaðarins sem haldinn var í byrjun desember 2023.

Nefndin er sammála um að tímasetning markaðarins hefði verið góð og að markaðurinn hafi tekist vel. Vörurnar voru fjölbreyttar en áherslan var ekki síst á vörur beint frá býli og gaman að því hversu fjölbreytt matvæli voru til sölu sem og handverk ýmiskonar.

Nefndin samþykkir að næsti jólamarkaður verði haldinn laugardaginn 30. nóvember sem er laugardagurinn fyrir fyrsta sunnudag í aðventu. Stefnt er að því að markaðurinn verði opinn á sama tíma og í fyrra eða á milli kl. 14:00 og 16:00 enda mæltist sú tímasetning vel fyrir. Nefndarmenn ætla að semja nú þegar við aðila varðandi afþreyingu á markaðnum og hvetja heimamenn til að huga fljótlega að vöruframboði.

2. **150 ára fæðingarafmæli Einars Jónssonar, myndhöggvara.**

Á fundi sveitarstjórnar þann 15. febrúar s.l. var lagt fram minnisblað frá sveitarstjóra vegna 150 ára afmælis Einars Jónssonar, myndhöggvara. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að fela Atvinnu-, ferða- og menningarnefnd að leggja fram tillögu að því með hvaða hætti Hrunamannahreppur geti sem best gert 150 ára afmæli listamannsins skil en hann var fæddur í Galtafelli þann 11. maí 1874. Í Galtafelli reistu Einar og kona hans sér sumarbústað sem enn stendur, friðaður og í eigu Þjóðminjasafns Íslands.

Nefndin leggur til að haldin verði hátíð þann 11. maí n.k. þar sem þessara tímamóta verði minnst. Dagskrá gæti farið fram bæði í Hrepphólakirkjugarði þar sem Einar og kona hans eru jarðsett sem og í og við Félagsheimilið þar sem Alda aldanna er staðsett. Nefndin vill leggja til

RST
ABS

að gert verði skilti sem staðsett verði í miðbæ Flúða um Einar sem afhjúpað yrði þennan dag. Nefndin vill einnig kanna hug þjóðminjavarðar til sumarshúss Einars í Galtafelli og stefnir á að hitta hana fljótlega vegna þessa. Nefndin mun vinna áfram með dagskrá dagsins sem verður betur kynnt síðar.

3. Styrkbeiðni

Nefndinni barst erindi frá Benedikt Ásgeirssyni og Hönnu Björk Grétarsdóttur þar sem óskað er eftir styrk til að halda traktorstorfæruna sem haldin er árlega á Flúðum um Versló.

Nefndin lýsir yfir ánægju með vinnu bréfitara við traktorstorfæruna sem fyrir löngu hefur skipað sér í hóp skemmtilegustu viðburða hvers sumars á Suðurlandi. Þar sem nefndin hefur ekki yfir neinum fjármunum að ráða þá hefur hún því miður ekki tók á að verða við erindinu en vísar því til sveitarstjórnar til afgreiðslu.

4. Páskaviðburður

Á síðasta ári var í fyrsta sinn haldin páskaeggjaleit í Lystigarðinum. Tókst hún að mati nefndarmanna afar vel. Límtré/Vírnet styrkti viðburðinn og kann nefndin fyrirtækinu bestu þakkir fyrir.

Nefndin samþykkir að páskaeggjaleit verði haldin á annan í páskum, 1. apríl, kl. 11:00. Verður viðburðurinn með sama sniði og síðast og auglýstur vel þegar nær dregur.

5. Uppskeruhátíðin

Rætt um uppskeruhátíðina og mögulega tímasetningu.

Nefndin samþykkir að hátíðin verði haldin laugardaginn 31. ágúst milli kl. 13:00 – 16:00.

Nefndin mun hafa samband við byggðapróunarfulltrúa og kanna með hennar aðkomu að hátíðinni.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:00.

Ragnhildur Stefania Eypársdóttir
Arna Þóll Sigmundsdóttir
[Handwritten signature]